



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um íþróttakennslu í Laugardal**

Á fundi borgarráðs 20. janúar 2022 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

*Í framhaldi af svari skóla- og frístundasviðs við fyrirspurnum fulltrúa Flokks fólksins um sviðsmyndir um framtíðarskipan skóla í Laugarnes- og Langholtshverfi hafa vaknað fleiri spurningar. Umræðu um íþróttahúsið er oftast þvælt saman við umræðu um nýjan þjóðarleikvang og þá virðist eiga að nýta hann fyrir íþróttakennslu og æfingar. Það má deila á það fyrirkomulag því reynslan hefur sýnt að íþróttaiðkun barnanna þarf endurtekið að víkja úr húsunum fyrir íþróttakeppnum, tónleikum og allskonar viðburðum í Laugardalshöll. Fulltrúi Flokks fólksins spyr þess vegna hvort stefnt sé að því að nýta nýjan þjóðarleikvang fyrir íþróttakennslu og æfingar. Og ef svo er verður börnunum þá tryggður forgangur að ásættanlegri aðstöðu? Þörfin er brýn, aðstaðan er löngu sprungin og þolinmæði íbúa í hverfinu að þrotum komin.*

Svar:

Aðstaða til íþróttaiðkunar nemenda í Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla er hluti af þeim sviðsmyndum sem koma fram í skýrslu starfshóps um framtíðarsýn fyrir skóla- og frístundastarf í Laugarnes- og Langholtshverfi sem birt var í mars 2021. Niðurstaða um val milli þeirra fimm sviðsmynda sem kynntar eru í skýrslunni liggur ekki fyrir. Skýrslan er nú í umsagnarferli hagaðila.